



Annar stjórnarfundur landsstjórnar DKG 2025-2027 var haldinn á Teams fimmtudaginn 7. ágúst kl. 16:00 - 17:10

Mættar voru: Hrund Logadóttir landsforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 1. varaforseti, Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, 2. varaforseti, Sigríður Heiða Bragadóttir meðstjórnandi og Ingileif Ástvaldsdóttir ritari, Lee Ann Maginnis gjaldkeri samtakanna vék af fundi kl. 16:30.

Dagskrá :

1. Nefndir DKG 2025 – 2027, staðan á tilnefningum
2. Fundur framkvæmdastjórnar 30. ágúst
 - Hugmyndir að dagskrá fundarins
 - o Kveikt á kertum, setning fundarins
 - o Ræða forseta. Stefna og sýn og markmið DKG
 - o Orð til umhugsunar
 - o Efni fyrir formenn deilda og nefnda - hugmyndir
 - o Fjárhagsáætlun
 - o Framkvæmdaáætlun 2025-2027
 - o Vefur DKG, mikilvægi þess að upplýsingar séu réttar
 - o Annað skemmtilegt eða fræðandi
 - Veitingar á fundinn
 - Fundarstjóri
3. Skipting verka fyrir fund framkvæmdastjórnar
4. Önnur mál

Fundargerð:

1. Nefndir DKG 2025 – 2027, staðan í dag

Formaður fór yfir stöðuna og greindi frá eftirfarandi:

Laganefnd: Svör hafa borist frá einni nefndarkonu sem hyggst starfa áfram í nefndinni.

Félaga- og útbreiðslunefnd: Allar sem áður voru í nefndinni munu starfa áfram í nefndinni.

Menntamálanefnd: Allar sem áður voru í nefndinni munu starfa áfram í nefndinni.

Samskipta- og útgáfunefnd: Formaður leggur til að sami háttur verði hafður á og á síðasta tímabili að ein deild sjái um að tilnefna konur í þessa nefnd. Hún hefur sent póst til

Epsilon-deildar og óskað eftir því að deildin taki það verkefni að sér.

Námsstyrkjaneftir: Beðið er eftir svörum frá nefndarkonum.

2. Fundur framkvæmdastjórnar, 30. ágúst - farið yfir dagskrá og fleira

a. Dagskrá: Formaður lagði fram drög að dagskrá:

1. Kveikt á kertum, setning fundarins
2. Ræða forseta: Stefna og sýn og markmið DKG.

3. Orð til umhugsunar
4. Efni fyrir formenn deilda og nefnda
5. Fjárhagsáætlun
6. Framkvæmdaáætlun 2025-2027

Rætt um hvaða fræðsla gæti verið fræðandi og/eða skemmtileg undir lið 4. Hugmynd um að kanna hvort Ragnhildur Vigfúsdóttir, markþjálfari með meiru væri laus þennan dag og gæti verið með erindi. Sjá vefsíðu hennar: <https://ragnhildurvigfusdottir.is/>

7. Vefur DKG:

Koma á framfæri til formanna deilda mikilvægi þess að upplýsingar eins og nöfn, netföng og símanúmer deildarkvenna berist vefstjórar þannig að þær séu réttar á vef samtakanna.

b. Veitingar á fundinum: Formaður greindi frá stöðunni og lagði til að sami háttur yrði hafður á og á fundinum í fyrra.

Í umræðum um fundinn var lögð áhersla á að aðalefni fundarins er framkvæmdaáætlun stjórnar 2025-2027. Í því sambandi ræddu stjórnarkonur hugmyndir sínar um áherslur núverandi stjórnar og með hvaða hætti framsetning geti verið. Bent var á að mikilvægt væri að draga skýrt fram hvernig samtökin geta uppfyllt tvíþættan tilgang sín. Annars vegar að samtökin styrki hverja og eina konu og hins vegar með hvaða hætti þau hafi áhrif á menntamál í samfélaginu. Í þessu samhengi urðu umræður um hvernig deildir geta gefið af sér, t.d með því að konur komi á fundi með hluti sem þær eru hættar að nota og gefi þeim sem á þeim þurfa að halda. Vitnað til hugmynda sem komu fram á námskeiði DKG í New Orleans á dögunum.

Einnig rætt um hverjar geta orðið félagar og formaður vitnaði til skilgreiningar sem kom fram á námskeiðinu í New Orleans: *Ef þú ert kona, sem kennir einhverjum eitthvað og færð greitt fyrir það getur þú orðið félagi.*

Á fundinum voru rifjaðar upp staðhæfingar eða mýtur sem eru á kreiki um samtökin og hefðir innan þeirra og voru til umfjöllunar á námskeiðinu í New Orleans og hvort kynning á þeim ætti ekki heima á fundi framkvæmdastjórnar 30. ágúst. Það var samþykkt og Hólmfríður tók að sér að kynna þetta efni og bæta við þá umfjöllun hvernig samtökin geta "opnað faðminn" og orðið sýnileg í samfélaginu.

3. Stjórn skipti með sér verkum vegna fundar framkvæmdastjórnar

Fundarstjórn: Vilborg Ása Bjarnadóttir, fyrsti varaforseti samtakanna

Ritari: Ingileif Ástvaldsdóttir, ritari samtakanna

Orð til umhugsunar: Ingileif Ástvaldsdóttir

Kynning á fjárhagsáætlun: Lee Ann Maginns gjaldkeri samtakanna

Framkvæmdaáætlun: Hrund Logadóttir forseti samtakanna

Efni fyrir formenn deilda og nefnda: Til skoðunar hjá stjórn

Umfjöllun um mýtur/staðhæfingar um samtökin: Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, annar varaforseti samtakanna

Veitingar og samskipti við HR: Hrund Logadóttir, formaður

4. Önnur mál

- a. Rætt um félagatalið og hvernig það er sýnilegt á vef samtakanna. Ákveðið að fá vefstjóra á fundi stjórnar reglulega á tímabilinu.
- b. Þýðingar á langtímaáætlun og framkvæmdaáætlun 2025-2027: Ingileif tók að sér að kanna hvernig þýðingar koma með því að láta gervigreind í Google Docs þýða skjölin. Ákveðið að skoða þetta mál betur eftir fund framkvæmdastjórnar þann 30. ágúst.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 17:10

Fundargerð skráði *Ingileif Ástvaldsdóttir*, ritari stjórnar 2025-2027